



Fundur í stjórn Listasafns Árnesinga, haldinn í Listasafni Árnesinga 28. mars 2025, kl. 8:30

Mætt eru:

Ama Ír Gunnarsdóttir, formaður, Kristín Scheving, safnstjóri, Njörður Sigurðsson, Bjarni H. Ásbjörnsson og Amar Guðnason frá KPMG

Bjarni H. Ásbjörnsson ritar fundargerð.

Formaður setti fund kl. 8:20 og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1) Ársreikningur 2024 lagður fram

Amar Guðnason frá KPMG fór yfir ársreikninginn og skýrði vinnu endurskoanda við hann. Nokkrar ábendingar komu fram sem þarf að huga að. Halda þarf saman kostnaði sem fellur til vegna styrkja sem fást til verkefna.

Rekstrartekjur Listasafnsins námu rúmum 79 milljónum, rekstrargjöld voru rúmar 77 milljónir. Fjármagnsgjöld voru rúm 1,5 milljónir. Hagnaður af rekstri listasafnsins nam kr. 837.118,- Eignir eru kr. 29,8 milljónir, skuldir kr. 29,7 milljónir. Handbært fé í árslok nam kr. 82.700,-

Stjórn staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni.
Amar fór af fundi kl. 8:55.

2) Viðhald safnahússins


Runólfur Þór Jónsson, mannvirkjafulltrúi Hveragerðisbæjar, sendi erindi á verkfræðistofuna EFLU og til arkitekta hússins hjá Glámu/Kím þar sem farið var yfir fjölda glugga í húsinu og kosti þess að loka 18 gluggum á þaki og öðrum stöðum sem eru valdir að leka sem veldur skemmdum á húsnæðinu. Beðið er svara frá arkitektum og verkfræðistofunni. Þegar það liggur fyrir verður leitað tilboða í lagfæringar á gluggum í samæmi við ákvörðun á haustfundi Héraðsnefðar Árnesinga.


3) Önnur mál.


Kristín safnstjóri sagði frá því að safnið hafi fengið málverkagjöf frá Kaupfélagi Árnesinga sem var þegin með þökkum.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 9:15

Handwritten notes:
A circled 'X' mark.
The word 'Bolta' written vertically.
The initials 'N.S.' written diagonally.


Anna Ír Gunnarsdóttir formaður


Njörður Sigurðsson


Bjarni H. Ásbjörnsson


Kristín Scheving, safnstjóri